



Reykjavíkurborg
Íþróttá- og tómsfundasvið

Reykjavík, 28. febrúar 2019
2019010012
3.4.2

Borgarráð

Ráðhúsinu
101 REYKJAVÍK

Rey Cup

Á fundi menningar-, íþróttá- og tómsfundaráðs 11. febrúar sl. voru lögð fram hjálögð drög að samningi við Knattspyrnufélagið Þrótt vegna Rey-Cup næstu þrjú árin. Menningar-, íþróttá- og tómsfundaráð samþykkti drögin fyrir sitt leyti. Gert er ráð fyrir fjárveitingu vegna þessa hjá ÍTR.

Lagt er til við borgarráð að það samþykkti samningsdrögin.

Omar Einarsson.



Borgartúni 12-14
105 Reykjavík
Sími 411 5000

Reykjavíkurborg kt. 530269-7609 og Knattspyrnufélagið Þróttur kt. 470678-0119
gera með sér eftirfarandi

Samkomulag
Um
Rey Cup
Alþjóðlegu knattspyrnuháttíðina í Reykjavík

1. gr.

Markmið samkomulagsins er að þróa áfram alþjóðlegan íþróttaviðburð í Reykjavík sem fari fram árlega. Byggt skal á þeim grunni sem lagður var árið 2002 með tilurð Rey Cup Alþjóðlegu knattspyrnuháttíðarinnar í Reykjavík („Reykjavík International Football Festival“). Um er að ræða aldurshópa 13 til 16 ára unglinga, drengi og stúlkur. Leiði þróun Rey Cup til þess að samningsaðilar telji að þátttaka annarra aldurshópa styrki viðburðinn þarf samþykki beggja aðila til að gerð sé slík breyting.

2. gr.

Reykjavíkurborg leggur Rey Cup til styrk og/eða aðstöðu eða aðra aðstoð samanþer eftirfarandi:

- 2.1 Reykjavíkurborg útvegar húsnæði fyrir keppendur í skólahúsnæði í samráði við SFS. Þróttur útvegar allt starfsfólk og gæslu meðan á mótinu stendur og skilar húsnæðinu í sama ástandi og þegar við því var tekið. Tveimur mánuðum fyrir mót skal Þróttur senda lista yfir áætlaða gistaðila.
- 2.2 ÍTR gerir samning við SFS eða hvern þann skóla sem notaður er fyrir gistingu og greiðir viðkomandi skóla gjald fyrir afnot af skólanum vegna Rey Cup.
- 2.3 Reykjavíkurborg mun veita aðgang að mannvirkjum í Laugardal eftir því sem kostur er til að mæta vexti og viðgangi Rey Cup.
- 2.4 Öllum þátttakendum er boðið í sund í Laugardalslaug mótisdagana og í Fjölskyldu- og húsdýragarðinn þar sem jafnframt er haldin grillveisla á laugardeginum.
- 2.5 Útvegar geymsluaðstöðu fyrir tæki og annan búnað Rey Cup.

3. gr.

Þróttur tekur að sér að skipuleggja og reka þennan viðburð fyrir innlenda og erlenda þátttakendur og gesti í Reykjavík, útvegar starfsfólk og sér um tæknilega útfærslu, skipulag og framkvæmd á knattspyrnuháttíðinni. Rey Cup er sjálfstæð rekstrareining innan Þróttar og skipar aðalstjórn félagsins sérstaka stjórn Rey Cup. Stjórn Rey Cup, í umboði aðalstjórnar, fer með ábyrgð á skipulagi, framkvæmd og rekstri Rey Cup auk þess að að fara með yfirumsjón með viðburðinum þ.m.t. mönnun nefnda og starfshópa svo og starfsmannahaldi. Rey Cup aflar sér frekari fjár til rekstrar með framlögum frá fyrirtækjum og ber ábyrgð á fjárhagslegum rekstri þess. Rey Cup ber ábyrgð á samningum við aðra aðila svo sem vegna snyrtinga, gáma, fæðis, hótela og strætisvagnaferða.

4. gr.

Heildar fjárframlag Reykjavíkurborgar á ári til Þróttar vegna Rey Cup er kr. 4.000.000,00,-

Að auki leggur Reykjavíkurborg til aðra þá þætti sem fram koma í 2. gr. Fjárveiting er með fyrirvara um fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar ár hvert.

5. gr.

Umfang mótsins ár hvert miðast við að þátttökulið verði 80-90 lið með um 1200 – 1400 þátttakendum auk 160-200 þjálfara og fararstjóra. Þátttakendur gista í fimm grunnskólum og frístundaheimilum umhverfis Laugardalinn. Markmiðið er að nær öll keppnin fari fram á svæði Þróttar í Laugardalnum.

6. gr.

Gildistími samkomulags þessa er frá 1. janúar 2019 til 30. september árið 2021. Á gildistíma samkomulagsins er stefnt að því að halda Rey Cup sem hér segir:

2019 – 24. til 28. júlí miðvikudag til og með sunnudags

2020 – 22. til 26. júlí miðvikudag til og með sunnudags

2021 – 21. til 25. júlí miðvikudag til og með sunnudags

Aðilar eru sammála um að til greina komi að breyta dagsetningum eða öðrum ákvæðum samningsins ef ástæða þykir. Til að slíkar breytingar geti tekið gildi þarf að koma til samþykki beggja aðila að samningi þessum.

Þróttur skal skila ÍTR ársreikningi ár hvert vegna Rey Cup.

Gert er ráð fyrir að samningurinn verði endurskoðaður í lok samningstímans með áframhaldandi samstarf í huga og verði því lokið eigi síðar en 30. sept. 2021.

Reykjavík, janúar 2019

F.h. Reykjavíkurborgar
ÍTR

F.h. Knattspyrnufélagsins Þróttar
